

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Kvenfélagsins Hringingsins.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Nr. 166.

14. apríl 1975.

G J A L D S K R Á

um holræsi á Bildudal.

1. gr.

Tengigjöld.

Fyrir hvert íbúðarhús kr. 10 000.00, en séu fleiri en ein íbúð í húsi, þá skal greiða kr. 7 500.00, fyrir hverja viðbótaríbúð. Af öðru húsnæði skal tengigjald vera kr. 20.00 pr. m².

2. gr.

Árlegt holræsagjald.

Árlegt holræsagjald skal vera 0.22% af fasteignamatsverði húsa eða einstakra íbúða, hámark 10.00, pr. m³ íbúðar, lágmark íbúðarhús 8.00 kr., lágmark önnur hús 5.50 kr. Holræsagjald skal aldrei vera lægra en kr. 1 500.00.

Gjaldskrá þessa má hækka (eða lækka) um allt að 50%.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Suðurfjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 14. apríl 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 167.

14. apríl 1975.

R E G L U G E R Ð

um holræsi á Bildudal.

1. gr.

Þegar hreppurinn hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því út í aðalræsi. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, eftir því sem unnt er, leiða í ræsi.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsakerfi kauptúnsins varða, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast maður, sem hreppsnefnd felur það,

undir yfirumsjón hreppsnefndar. Er engum heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema að fengnu leyfi þessara aðila og er mönnum skylt að hlýta í öllu fyrirmælum þeirra um gerð og legu ræsisins og annað þess háttar, er máli skiptir í sambandi við það.

3. gr.

Kostnaður allur við holræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til að standast þann kostnað ber hverjum húseiganda, sem á hús við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í að greiða holræsagjald til hreppsins árlega, auk tengigjalds, við hverja tengingu.

4. gr.

Húseigendum ber að greiða holræsagjaldið og bera þeir einir ábyrgð á greiðslu þess. Holræsagjaldið má taka lögtaki og er það tryggt með lögveði í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Gjaldalagi holræsagjaldsins er 15. janúar ár hvert.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 10 000.00, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 14. apríl 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

S A M Þ Y K K T

um sorphreinsun á Akranesi.

1. gr.

Akranesbær annast sjálfur eða býður út alla sorphreinsun innan skipulagðra svæða bæjarfélagsins, samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar. Fer hún fram undir yfirstjórn bæjarstjórnar og með umsjón heilbrigðisnefndar Akraness.

2. gr.

Sérhverjum húseiganda er skylt að haga sorpgeymslu og sorphirðingu samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar, fyrirmælum heilbrigðisnefndar, og samþykktum bæjarstjórnar Akraness.

3. gr.

Við hverja húseign skal vera sorpgeymsla, gerð fyrir sorppoka. Sorppokum skal koma fyrir í grind eða skáp, sem sveitarfélagið hefur samþykkt.

Húseigendum ber sjálfum að kosta uppsetningu og viðhald grinda og sorpskápa.